



ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS 2025





Akstursípróttakona og Akstursípróttamaður ársins eru **Sigurbjörg Björgvinsdóttir og Hergill Henning Kristinsson**



Sigurbjörg Björgvinsdóttir

Aldur: 26 ára

Félag: Kvartmíluklúbburinn

Sigurbjörg á að baki viðburðaríkt ár í spyrnu.

Hún var á ferð og flugi með keppnistæki sitt, Tweety, á milli Íslands og Svíþjóðar.

Sigurbjörg tók þátt í sex keppnum sumarsins og stóð uppi sem Íslandsmeistari í áttungsmílu í A/E flokki (7,50 sek.) eftir spennandi og jafna keppni.

Sigurbjörg keppti einnig í vikulangri keppni í Svíþjóð, Street Week Sweden, þar sem keppt er á fimm brautum og ekið á milli þeirra á keppnistækinu. Náði hún að ljúka keppni með góðum árangri.

Sigurbjörg er fyrirmyndar keppandi og dugleg að kynna íþróttina með jákvæðum og uppbyggilegum hætti.



Hergill Henning Kristinsson

Aldur: 17 ára

Félag: Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar

Hergill Henning hefur keppt síðan hann var 14 ára gamall.

Hann var að ljúka sínu þriðja ári í rallycrossi en hefur einnig keppt bæði sem ökumaður og aðstoðarökumaður í rally og E-rally (nákvæmnisakstri) síðastliðin þrjú ár.

Árangur Hergils á árinu 2025:

- Íslandsmeistari í unglingaflokki í rallycrossi,
- Íslandsmeistari Non-Turbo Rally,
- Íslandsmeistari E-rally og
- Bikarmeistari í unglingaflokki í rallycrossi.

Þess má einnig geta að Hergill Henning tók einnig þátt í Íslandsmeistaramótinu í snowcrossi síðastliðinn vetur og var þrisvar sinnum á verðlaunapalli.

Samtals keppti hann í 17 keppnum í mótorsporti á árinu, í fimm mismunandi greinum.

Hergill Henning er magnaður ökumaður og keppandi, ávallt kurteis og þrúður þrátt fyrir að vera mikill keppnismaður.



Badmintonkona og Badmintonmaður ársins eru
Drífa Harðardóttir og Davíð Bjarni Björnsson/Kristófer Darri Finnsson



Drífa Harðardóttir

Aldur: 48 ára

Félag: Badmintonfélag Akraness

Drífa Harðardóttir er badmintonkona ársins árið 2025. Þetta er í annað skipti sem Drífa er valin Badmintonkona ársins en hún var einnig valin árið 2021.

Drífa varð þrefaldur heimsmeistari öldunga en mótið fór fram í Pattayja í Tælandi dagana 7.-14. september 2025. Í tvíliðaleik keppti hún í +40 ára en í einliða- og tvenndar í +45 ára flokki.

Þá má geta þess að Drífa varð þrefaldur Evrópumeistari öldunga árið 2024 en mótið fór fram í Belgíu 25.-31. ágúst 2024.

Þar með er Drífa núverandi Evrópu- og Heimsmeistari í öllum þremur keppnisgreinunum í sínum aldurflokki. Á Íslandi spilar hún með Badmintonfélagi Akraness.

Í apríl 2025 varð Drífa Íslandsmeistari í Úrvalsdeild í tvenndarleik og í 2. sæti í tvíliðaleik.



Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson

Aldur: 27 ára og 26 ára

Félag: Tennis-og badmintonfélag Reykjavíkur (TBR)

Davíð og Kristófer eru Badmintonmenn ársins árið 2025. Þetta er í annað skiptið sem Badmintonsamband Ísland velur tvo einstaklinga sem Badmintonmenn ársins.

Davíð og Kristófer hafa staðið sig vel bæði hér heima sem og á alþjóðlegum vettvangi. Þeir eru efstir Íslendinga á heimslista Alþjóðabadmintonsambandsins en þeir eru sem stendur í 168. sæti á listanum í tvíliðaleik. Í tvíliðaleik á Íslandi sigruðu Davíð og Kristófer öll sjö mótin sem fram fóru, þ.á.m. Meistaramót Ísland, og á þessum sjö mótum töpuðu þeir einungis einni hrinu. Á RSL Iceland International komust þeir í undanúrslit þar sem þeir töpuðu í oddahrinu á móti hollensku pari.

Með landsliðinu þá voru Davíð og Kristófer lykilmenn í karlaliðinu sem tók þátt í forkeppni EM (liðakeppni) í Tékklandi í lok nóvember 2025. Þeir tóku þátt í tvíliðaleik á EM einstaklinga sem fram fór í Danmörku í aprílbyrjun, þar sem þeir töpuðu fyrir sterku dönsku pari. Önnur mót sem þeir tóku þátt í á erlendri grundu voru Welsh International Open 25.-29. nóvember, FZ Forza Norwegian International 6.-9. nóvember, Czech International Future Series 19.-22. júní, Austrian Open 22.-25. maí, State Denmark Challenge 8.-11. maí og Victor Swedish Open 16.-19. janúar.



Blakkona og Blakmaður ársins eru Matthildur Einarsdóttir og Máni Matthíasson



Matthildur Einarsdóttir

Aldur: 24 ára

Félag: Handknattleiksfélag Kópavogs

Matthildur Einarsdóttir er uppalin hjá HK og leikur á yfirstandandi tímabili með liðinu í Unbrokendeild kvenna, þar sem HK situr á toppi deildarinnar þegar liðið fer í jólafrí. Matthildur er uppspilari og hefur verið afar áberandi í leik liðsins, bæði í vörn og sókn. Hún er með eina bestu nýtingu uppspilara í deildinni og jafnframt þriðju bestu nýtingu uppgjafa.

Á vormánuðum lék Matthildur með Slavia Kooperativa EUBA Bratislava, þar sem liðið varð deildarmeistari og í 2 sæti í úrslitakeppninni í Slóvakíu. Áður hefur Matthildur leikið í efstu deildum í bæði Ungverjalandi og Danmörku.

Matthildur hefur leikið 50 landsleiki fyrir Íslands hönd og hlaut silfurmerki BLÍ þann 14. júní sl. fyrir það afrek. Hún tók þátt í CEV Silver League með íslenska landsliðinu, þar sem hún sýndi afburða frammistöðu sem uppspilari og sýndi yfirvegaða stjórn og góða tengingu við sóknarmenn liðsins. Matthildur er einn besti uppspilari sem íslenska landsliðið hefur átt um langa hríð og lætur hún einnig til sín taka utan vallar, meðal annars með þjálfunarstörfum.



Máni Matthíasson

Aldur: 26 ára

Félag: Odense í Danmörku

Máni Matthíasson er uppalin hjá HK.

Hann lék með liðinu vorið 2025 þegar HK endaði í 6. sæti Unbrokendeildar karla eftir sterka endurkomu undir lok tímabilsins.

Máni leikur nú með Odense Volleyball í dönsku úrvalsdeildinni, þar sem liðið situr í 6. sæti þegar líður að lokum árs. Áður hefur hann einnig leikið í efstu deild í Noregi og næstefstu deild í Þýskalandi.

Máni hefur leikið 70 landsleiki fyrir Ísland og tók þátt í CEV Silver League og Smáþjóðaleikum Evrópu sumarið 2025. Karlalandsliðið er í uppbyggingarfasa og hefur Máni verið lykilmaður í sóknarleik liðsins undanfarin ár með sterka leikstjórn og mikla reynslu.

Á vormánuðum sótti Máni starfsnám á skrifstofu Blaksambandsins, auk þess að þjálfa hjá HK. Hann hefur komið að skipulagi og þróun afreksstarfs í íslensku blaki samhliða því að vera í landsliðshópi um árabíl.

Máni er sannarlega fyrirmynd íslensks blakfólks, bæði innan vallar sem utan.





Bogfimikona og Bogfimimaður ársins eru Þórdís Unnur Bjarkadóttir og Baldur Freyr Árnason



Þórdís Unnur Bjarkadóttir

Aldur: 17 ára

Félag: Bogfimifélagið Boginn

Þórdís átti glæsilegt ár 2025.

Meðal árangurs Þórdísar á árinu eru:

- Heimsmet/Evrópumet U18,
- Norðurlandameistari U18,
- brons á EM U21 og
- silfur/silfur og brons á Evrópubikarmótum U18.

Þórdís var fjórum sinnum í fjórða sæti eftir brons bardaga í meistaraflokki og ungmenna í landsliðsverkefnum. Oftar en ekki setti hún besta árangur sem Íslendingur hefur náð, t.d. með því að vera í 2. sæti í undankeppni EM U21.

Allt þetta, til viðbótar við 13 Íslandsmeistaratitla og 18 Íslandsmet í meistaraflokki og ungmenna innan Íslands.

Vafalaust með sterkustu frammistöðum sem Íslendingur hefur sýnt í sögu íþróttarinnar.



Baldur Freyr Árnason

Aldur: 17 ára

Félag: Bogfimifélagið Boginn

Baldur átti glæsilegt ár 2025.

Í byrjun árs vann Baldur silfur verðlaun á EM U21 í einstaklingskeppni, aðeins önnur slík verðlaun sem Ísland hefur unnið til á EM í sögu íþróttarinnar. Baldur vann einnig silfur í liðakeppni á EM U21 eftir jafntefli og tap í bráðabana gegn Tyrklandi á heimavelli.

Baldur vann bæði gull í einstaklings og liðakeppni á Evrópubikarmóti ungmenna í Búlgaríu, í báðum tilfellum fyrstu gull verðlaun sem Ísland hefur unnið til á Evrópubikarmótum í sögu íþróttarinnar.

Í Evrópubikarmótaröð ungmenna vann Baldur til fyrstu verðlauna Íslands í sögu íþróttarinnar með silfur.

Baldur hefði fengið gullið ef hann hefði mætt á síðasta mótið í mótaröðinni, hann var það hár á stigum, en það stangaðist á við skiptinám í Ástralíu.

Baldur sló heimsmet og Evrópumet í liðakeppni og var á forsiðu vefsíðu Evrópska Bogfimisambandsins um skeið.

Baldur sló einnig Íslandsmetin í öllum aldursflokkum á árinu.

Þetta er annað árið í röð sem Baldur er valinn íþróttamaður ársins hjá BFSÍ.



Borðtenniskona og Borðtennismaður ársins eru **Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir og Ingi Darvis Rodriguez**



Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir

Aldur: 15 ára

Félag: Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR)

Guðbjörg Vala varð í öðru sæti í einliðaleik á Íslands-móttinu í vor aðeins 14 ára að aldri og sigraði lokamót BTÍ skömmu síðar.

Þá keppti hún víða erlendis á árinu, svo sem á Ólympíu-hátíð Evrópuæskunnar. Hún hefur stimplað sig inn sem ein af efnilegustu borðtenniskonum Norðurlandanna með sigrum í sínum aldursflokki á fjölmönnum mótum í Ängby, Hróarskeldu, með 5. sæti á Safir International og með tímamótaárangri þegar hún komst í 64-manna úrslit í flokki U15 á sterku EM unglina í sumar.

Guðbjörg Vala er frábær fulltrúi íslenskra kvenna í borðtennis og á framtíðina fyrir sér.



Ingi Darvis Rodriguez

Aldur: 23 ára

Félag: Knattspyrnufélagið Víkingur

Ingi hefur verið mest áberandi íslenski borðtennismaðurinn undanfarin misseri en hann varð Íslands-meistari karla í þriðja sinn á árinu og vann tvo af fjórum Íslandsmeistaratitlum í meistaraflokki.

Ingi býr í Halmstad í Svíþjóð, æfir þar borðtennis og spilar í næst efstu deild Svíþjóðar fyrir lið sitt Vetlanda BTK.

Ingi var leikjahæsti leikmaður karlalandsliðsins á árinu og var m.a. í 5.-8. sæti í einliðaleik á Smáþjóðaleikunum. Hann var einnig mikilvægur leikmaður Íslands í undankeppni EM liða og lenti í 43. sæti á sterkasta opna móttinu á Norðurlöndum, Finlandia Open.

Ingi er fyrirmynd ungra íslenskra borðtennismanna og er á mikilli uppleið.



Dansarar ársins eru
Hanna Rún Óladóttir Bazev og Nikita Bazev



Hanna Rún Óladóttir Bazev Nikita Bazev
Félag: Dansípróttafélag Hafnarfjarðar Félag: Dansípróttafélag Hafnarfjarðar

Hanna Rún og Nikita dansa í flokki fullorðinna atvinnumanna í latin dönsum.

Árið 2025 hefur verið viðburðarríkt hjá Nikita og Hönnu Rún og þeirra helsti árangur þessa árs er eftirfarandi:

- Íslandsmeistarar í latin dönsum atvinnumanna
- 3. sæti á Evrópumeistaramóti WDSF
- 5. sæti á Heimsmeistaramóti WDSF
- 1. sæti á heimslista í sínum flokki, sitja í dag í 2. sæti þar með 5.428 stig.



Fimleikakona og Fimleikamaður ársins eru
Hildur Maja Guðmundsdóttir og Dagur Kári Ólafsson



Hildur Maja Guðmundsdóttir

Aldur: 20 ára

Félag: Íþróttafélagið Gerpla

Hildur Maja Guðmundsdóttir er ein fremsta fimleikakona landsins og þrátt fyrir ungan aldur þá hefur hún verið lykilkona í A landsliði Íslands síðastliðin ár.

Hildur Maja náði bestum fjölþrautarárangri íslenskra kvenna á Evrópumóttinu í Leipzig, sem og Heimsmeistaramóttinu í Jakarta.

Toppaði hún sig svo á árinu þegar að hún varð fyrst Íslendinga til þess að vinna til verðlauna á heimsbikarmóti í áhaldafimleikum, þegar hún hafnaði í 2. sæti á gólfi í Tashkent, Uzbekistan.

Að auki keppti hún til úrslita á tvíslá og hafnaði í 8. sæti.

Hildur Maja varð Bikarmeistari með félagsliði sínu, Gerplu á árinu og varð hún í 2. sæti á slá á Íslandsmóttinu.



Dagur Kári Ólafsson

Aldur: 22 ára


Félag: Íþróttafélagið Gerpla

Dagur Kári Ólafsson er ungur og metnaðarfullur landsliðsmaður í áhaldafimleikum sem hefur á undanförnum árum fest sig í sessi sem einn fremsti fimleikamaður Íslands.

Í ár náði Dagur Kári þeim sögulega árangri í Jakarta, Indónesíu þegar að hann varð fyrsti íslenski fimleikamaðurinn til þess að keppa í fjölþrautarúrslitum á Heimsmeistaramóti – og braut þar með blað í íslenskri fimleikasögu.

Dagur Kári var lykilmáður í landsliði Íslands á árinu, þar má helst til telja Heimsbikarmót í Króatíu og Frakklandi, Evrópumót í Þýskalandi og Heimsmeistaramót í Jakarta, Indónesíu.

Dagur Kári varð Bikarmeistari með félagsliðinu sínu, Gerplu, sem og Íslandsmeistari á bogahesti og hafnaði hann í þriðja sæti í fjölþraut.



Frjálsíþróttakona og Frjálsíþróttamaður ársins eru **Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir og Sindri Hrafn Guðmundsson**



Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir

Aldur: 23 ára

Félag: Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR)

Guðrún Karítas átti frábært keppnisár.

Hún setti glæsilegt Íslandsmet í sleggjukasti á Meistarasmóti Íslands þegar hún kastaði 71,38 metra, árangur sem tryggði henni þátttökurétt á Heimsmeistaramótinu í Tókýó og staðfesti stöðu hennar meðal fremstu sleggjukastara heims.

Guðrún Karítas er í dag í 36. sæti á heimslistanum og 18. sæti á Evrópulistanum í sleggjukasti og hefur með frammistöðu sinni sýnt að íslenskar frjálsíþróttakonur eiga fullt erindi í fremstu röð á alþjóðavettvangi.

Árangur hennar á árinu, bæði á innlendum mótum og á stærsta sviði heims, ásamt metnaði og dugnaði, gerir Guðrúnu Karítas Hallgrímsdóttur að afar verðskuldaðri Frjálsíþróttakonu ársins.



Sindri Hrafn Guðmundsson

Aldur: 30 ára

Félag: Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH)

Sindri Hrafn átti mjög fínt keppnisár og staðfesti stöðu sína sem einn fremsti frjálsíþróttamaður landsins.

Hann kastaði lengst 81,39 metra á árinu, sem er næst besti árangur hans frá upphafi og sýndi með því að hann er í fremstu röð spjótkastara á alþjóðlegum mælikvarða.

Sindri Hrafn keppti fyrir hönd Íslands á HM í Tókýó nú í haust og er í dag í 34. sæti á heimslistanum og 18. sæti á Evrópulistanum í spjótkesti.

Með frammistöðu sinni á árinu hefur hann sýnt að íslenskir frjálsíþróttamenn eiga fullt erindi á stærstu frjálsíþróttasviðum heims.

Árangur Sindra Hrafns á árinu, bæði á innlendum mótum og á alþjóðavettvangi, ásamt miklum metnaði og vinnu-semi, gerir hann að afar verðskulduðum Frjálsíþróttakarli ársins.



Glímukona og Glímumaður ársins eru
Kristín Embla Guðjónsdóttir og Hákon Gunnarsson



Kristín Embla Guðjónsdóttir

Aldur: 25 ára

Félag: Umf. Valur/UÍA

Kristín Embla er Glímudrottning 2025 og var þetta í fjórða sinn sem hún vinnur Freyjumenið.

Auk þess var Kristín Embla bikarmeistari á árinu bæði í sínum þyngdarflokki og í opnum flokki.

Hún er alhliða glímu- og íþróttamaður og hefur frá unga aldri lagt stund á íþróttina með góðum árangri en hún vann fyrst Freyjumenið á Íslandsglímu, 18 ára gömul.



Hákon Gunnarsson

Aldur: 20 ára

Félag: Umf. Valur/UÍA

Hákon er Glímumaður ársins í annað sinn.

Hákon hefur, þrátt fyrir ungan aldur, verið í fremstu röð glímumanna síðustu ár.

Hann vann á árinu Grettisbeltið í fyrsta sinn og má búast við að hann geri harða atögu að því að endurtaka sigur á Íslandsglímunni.

Hákon er auk þess Bikarmeistari, bæði í sínum þyngdarflokki og í opnum flokki



Kylfingar ársins eru Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Gunnlaugur Árni Sveinsson



Guðrún Brá Björgvinsdóttir

Aldur: 31 árs

Félag: Golfklúbburinn Keilir

Guðrún Brá Björgvinsdóttir hóf árið með takmarkaðan þátttökurétt á Evrópumótaröðinni.

Hún lék vel í Suður-Afríku í upphafi ársins sem skilaði henni auknum þátttökurétti og lék hún í 10 mótum á mótaröðinni í ár.

Guðrún varð í ágúst Íslandsmeistari í golfi í fjórða sinn eftir dramatískan sigur í umspili.

Hún endaði svo árið á því að tryggja sér sterkan þátttökurétt á Evrópumótaröðinni með því að hafna í 24. sæti í lokaúrtökumótinu fyrir mótaröðina í Marokkó í desember.



Gunnlaugur Árni Sveinsson

Aldur: 20 ára

Félag: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG)

Gunnlaugur Árni Sveinsson var þrívégis valinn í úrvalslíð Evrópu/Alþjóðaliðs á árinu og hefur náð langbesta árangri íslensks kylfings á heimslistanum.

Hann lenti í 2. sæti á sterku háskólamóti um miðjan september og sigraði svo á firnasterku móti í október. Enginn íslenskur kylfingur hefur sigrað í jafn sterku áhugamannamóti frá upphafi.

Frábær árangur Gunnlaugs Árna hefur komið honum upp í 8. sæti á heimslistanum.

Gunnlaugur náði því afreki að verða besti kylfingur heims 19 ára og yngri, samkvæmt heimslistanum.

Hann er á öðru ári í liði LSU háskólans í Louisiana sem er einn allra sterkasti íþróttaskóli í Bandaríkjunum og er um þessar mundir í 2. sæti yfir besta árangur háskólagolfliða á þessu tímabili.



Handknattleikskona og Handknattleiksmaður ársins eru Thea Imani Sturludóttir og Gísli Þorgeir Kristjánsson



Thea Imani Sturludóttir

Aldur: 28 ára

Félag: Valur

Handknattleikskona ársins 2025 er Thea Imani Sturludóttir, 28 ára hægri skytta Vals og A-landsliðs kvenna.

Thea Imani hefur átt frábært ár bæði með félagsliði sínu og landsliði. Hún hefur verið lykilleikmaður í liði Vals, þar sem hún hefur leikið stórt hlutverk í sóknarleik liðsins og sýnt stöðugleika, kraft og leiðtogahæfni á hæsta stigi. Frammistaða hennar hefur vakið verðskuldaða athygli og haft afgerandi áhrif á árangur liðsins á tímabilinu.

Valsliðið átti stórkostlegt ár bæði heima og erlendis. Liðið varð deildar-, Íslands- og Evrópubikarmeistari, auk þess sem það var valið íþróttalið Reykjavíkur árið 2025.

Á landsliðsvettvangi hefur Thea Imani fest sig í sessi sem ein af burðarásam A-landsliðs kvenna, bæði með markaskorun og öflugum varnarleik, og verið mikilvæg í uppbyggingu og árangri landsliðsins á alþjóðavettvangi. Thea hefur leikið 98 landsleiki fyrir Ísland og skorað í þeim 224 mörk.

Thea Imani Sturludóttir hefur með framúrskarandi frammistöðu sinni á árinu 2025 sýnt að hún er verðug Handknattleikskona ársins og mikil fyrirmynd ungra iðkenda um land allt.



Gísli Þorgeir Kristjánsson

Aldur: 26 ára

Félag: SC Magdeburg

Handknattleiksmaður ársins 2025 er Gísli Þorgeir Kristjánsson, 26 ára leikstjórnandi Magdeburg í Þýskalandi og A-landsliðs karla.

Gísli Þorgeir hefur um árabil verið einn fremsti leikmaður Evrópu í sinni stöðu og á árinu 2025 meðal bestu leikmanna heims. Með SC Magdeburg hefur hann verið lykilmáður í liði sem hefur barist á toppi þýsku úrvalsdeildarinnar og í Evrópukeppni, þar sem hann hefur sýnt einstakan leikskilning, hraða og forystuhæfni.

Á árinu varð Gísli Þorgeir Evrópumeistari með liði sínu og var valinn mikilvægasti leikmaður úrslitahelgar EHF.

Á landsliðsvettvangi hefur Gísli Þorgeir verið einn af burðarásam A-landsliðs karla. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í leik liðsins á árinu, bæði sem leikstjórnandi og leiðtogi innan vallar sem utan, og haft afgerandi áhrif á frammistöðu liðsins í alþjóðlegum verkefnum.

Gísli Þorgeir hefur leikið 73 landsleiki og skorað í þeim 164 mörk. Hann lék sinn fyrsta meistaraflökksleik með FH árið 2015 áður en hann hélt utan og samdi við THW Kiel árið 2018. Árið 2020 gekk hann til liðs við SC Magdeburg, þar sem hann hefur síðan verið einn af lykilmönnum félagsins.

Gísli Þorgeir hefur með stöðugri frammistöðu sinni, leiðtogahlutverki og afrekum á hæsta stigi sýnt að hann er verðugur Handknattleiksmaður ársins 2025.



Knapi ársins er **Konráð Valur Sveinsson**



Konráð Valur Sveinsson

Aldur: 29 ára

Félag: Hestamannafélagið Fákur

Fremsti skeiðknapi á Íslandi árið 2025 er Konráð Valur Sveinsson.

Konráð setti á árinu heimsmet í 250 m skeiði á Kastor frá Garðshorni á Íslandsmóttinu í sumar, þegar þeir félagar hlupu sprettinn á 21.06 sek.

Árið 2024 sló hann einnig heimsmetið í 150 m skeiði á Kjarki frá Árbæjarhjáleigu II.

Konráð er þar að auki Íslandsmeistari í 100 m skeiði á Kjarki og 250 m skeiði á Kastor ásamt því að hafa sigrað sömu greinar á Reykjavíkurmestaramóttinu auk fjölda sigra á kappreiðum ársins í mismunandi vegalengdum.

Hann er einnig samanlagður sigurvegari skeiðleika Skeiðfélagsins 2025 og hlaut þar með hinn eftirsóttta Ödersbikar 2025.

Hjólreiðakona og Hjólreiðamaður ársins eru Hafdís Sigurðardóttir og Davíð Jónsson



Hafdís Sigurðardóttir

Aldur: 36 ára

Félag: Hjólreiðafélag Akureyrar (HFA)

Hafdís náði sögulegum árangri fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum í Andorra maí, þar sem hún varð í 3. sæti í tímatöku (TT) og þar komu í hús fyrstu verðlaun Íslands í tímatöku á Smáþjóðaleikunum.

Hafdís er margfaldur Íslandsmeistari bæði í tímatöku og götuhjólreiðum, en í ár vann hún sinn fjórða Íslandsmeistaratitil í tímatöku ásamt því að verða fyrsti Íslandsmeistari í malarhjólreiðum.



Davíð Jónsson

Aldur: 21 árs

Félag: Hjólreiðafélag Reykjavíkur (HFR)

Davíð er núverandi Íslandsmeistari í Ólympískum fjallahjólreiðum sem og í Criterium.

Fyrsti Íslandsmeistaratitill Davíðs var í tímatökukeppni sumarið 2023, þá aðeins 18. ára gamall. Á þessu ári hefur Davíð tekið þátt í fjöldanum öllum af keppnum erlendis á tímabilinu.

Hann er liðsmaður HFR-Alvotech liðsins og keppti m.a. með þeim í 3 daga í Nord í Danmörku í vor og einnig í U6 í Svíþjóð í júlí þar sem hann landaði öðru sæti í heildarkeppninni.

Davíð fór á Heimsmeistaramótið í malarhjólreiðum og stóð sig frábærlega. Í maí var hann valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikunum í Andorra, þar sem hann tók þátt í öllum 3 keppnum sem þar voru í boði (tímatöku-, götuhjóra- og Ólympískum fjallahjólreiðum).



Hnefaleikakona og Hnefaleikamaður ársins eru Hildur Kristín Loftsdóttir og Nóel Freyr Ragnarsson



Hildur Kristín Loftsdóttir

Aldur: 19 ára

Félag: Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar

Hildur er 19 ára keppandi frá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar. Hún átti einstaklega glæsilegt keppnisár árið 2025 og keppti með miklum árangri á alþjóðlegum vettvangi.

Hún keppti í fyrsta sinn í fullorðinsflokki á Golden Girl Championship í Svíþjóð, stærsta kvennamóti heims í áhugamannahnefaleikum, þar sem hún tryggði sér bronsverðlaun í A-flokki kvenna í 54 kg.

Hún hélt síðan áfram keppni í A-flokki á Romerike Open í Noregi, þar sem hún sigraði mótið og vann tvenn gullverðlaun, meðal annars gegn mjög reyndum keppendum.

Hildur sigraði einnig afmælistótt HFH og lauk árinu með keppni í Noregi í desember.

Með árangri sínum og fyrirmyndar framkomu er hún vel að titlinum Hnefaleikakona ársins 2025 komin.



Nóel Freyr Ragnarsson

Aldur: 19 ára

Félag: Hnefaleikafélag Reykjavíkur

Nóel Freyr Ragnarsson átti sterkt keppnisár árið 2025 og keppti alls 13 bardaga.

Hann keppti fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti og skilaði eftirtektarverðum árangri á bæði innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Á árinu vann Nóel silfurverðlaun á Íslandsmeistaramóti, sigraði bæði Vorbikarmót og Haustbikarmót HNÍ, vann gull í A-flokki á HSK Box Cup, silfur í A-flokki á King of the Ring, og sigraði meðal annars norskan landsliðsmann á Icebox-mótinu.

Með stöðugum árangri, vinnusemi og fagmennsku ber Nóel Freyr Ragnarsson með sanni titlinn Hnefaleikamaður ársins 2025.



Íshökkíkona og Íshökkímaður ársins eru **Sunna Björgvinsdóttir og Unnar Hafberg Rúnarsson**



Sunna Björgvinsdóttir

Aldur: 25 ára

Félag: Sodertelje SK

Íshökkíkona ársins 2025 er Sunna Björgvinsdóttir.

Sunna er 25 ára og lék með Skautafélagi Akureyrar um árabíl þar til hún flutti til Svíþjóðar árið 2019 og hefur leikið þar með Sodertelje SK, IF Troja-Ljungby, IF Leksands (SDHL) og HV71 (SDHL) með mjög góðum árangri.

Hún hefur leikið með kvennalandsliði Íslands síðan 2015, þá 15 ára, og hefur verið fastur leikmaður landsliðsins allar götur síðan.

Sunna hefur leikið alls 49 leiki fyrir Íslands hönd. Hún er einstaklega jákvæð, góður liðsfélagi og er fyrirmynd margra yngri iðkenda.

Sunna er fyrirliði A-landsliðs kvenna og veldur því ábyrgðarhlutverki vel, hvort sem það er í leik eða utan hans.

Á síðasta HM var Sunna sigahæsti leikmaður Íslands, skoraði 3 mörk og átti 2 stoðsendingar.



Unnar Hafberg Rúnarsson

Aldur: 23 ára

Félag: Skautafélag Akureyrar

Íshökkímaður ársins 2025 er Unnar Hafberg Rúnarsson.

Unnar er 23 ára og hefur verið lykilleikmaður í liði Víkinga Skautafélags Akureyrar og A-landsliði karla.

Unnar hefur leikið lengst af hjá Skautafélagi Akureyrar en hann fór ungur að spila í Svíþjóð, þá 16 ára, tímabilið 2018/2019 og síðan með U18 og U20 liðum Sollentuna til ársins 2022. Þá fór hann heim til Akureyrar og hefur spilað þar síðan.

Unnar hefur leikið í öllum karlalandsliðum Íslands, þ.e.a.s. U18, U20 og A-landsliði karla. Hann hefur leikið alls 46 landsleiki með þeim landsliðum.

Unnar er jákvæður og skapandi leikmaður sem skilar ávallt góðri frammistöðu. Hann er góð fyrirmynd fyrir yngri leikmenn.

Á síðasta HM var hann valinn besti leikmaður Íslands á mótinu en hann var einnig stíghæsti leikmaður Íslands, skoraði 6 mörk og átti 4 stoðsendingar.



Íþróttakona fatlaðra og Íþróttamaður fatlaðra ársins eru **Ingeborg Eide Garðarsdóttir og Snævar Örn Kristmannsson**



Ingeborg Eide Garðarsdóttir

Aldur: 29 ára

Félag: Glímufélagið Ármann

Ingeborg setti eitt Íslandsmet á árinu 2025 í flokki F37 í frjálsum íþróttum, á stóra sviðinu þegar hún keppti á Heimsmeistaramóti IPC í frjálsum íþróttum sem haldið var í Nýju Delí á Indlandi í haust.

Ingeborg tók þátt á þremur mótum erlendis árið 2025, Grand Prix í París í Frakklandi, Grand Prix í Olomouc í Tékklandi og Heimsmeistaramót IPC í Nýju Delí á Indlandi. Á Grand Prix í París endaði Ingeborg í 2. sæti með kast upp á 9.00m. Á Grand Prix í Tékklandi endaði hún í 3. sæti með kast upp á 9.52m en það mót var fyrsta kvenna Grand Prix mótið í sögunni hjá IPC. Ingeborg endaði tímabilið á því að keppa á HM IPC í New Delhi á Indlandi. Þar lauk hún keppni í 6. sæti með kast upp á 10.08 m. sem var nýtt Íslandsmet í hennar flokki og í fyrsta skiptið sem Ingeborg kastar yfir 10 metra.

Árið 2024 keppti Ingeborg á sínum fyrstu Paralympics sem fram fóru í París en hún hefur einnig tekið þátt áður í heims- og Evrópumeistaramótum fyrir Íslands hönd. Á síðustu árum hefur hún tekið stórstígu framförum og öðlaðist keppnisrétt í París með svokölluðu „high performance“ lágmarki. Hún hefur síðustu misseri skipað sér á sess með tíu fremstu kösturum heims í flokki F37 (hreyfihamlaðir).

Þetta er í fyrsta sinn sem Ingeborg hlýtur nafnbótina Íþróttakona ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra.



Snævar Örn Kristmannsson

Aldur: 19 ára

Félag: Umf. Breiðablik/Íþróttafélag fatlaðra

Snævar Örn Kristmannsson setti samtals 33 Íslandsmet í sundi árið 2025.

Á árinu bætti hann sig í öllum sínum helstu greinum, þar á meðal 50m, 100m og 200m flugsundi, 50m og 100m skriðsundi, 400m skriðsundi og 100m og 200m fjórsundi. Á Íslandsmóti SSÍ setti Snævar þrjú Evrópumet í 100m flugsundi á tímanum 59.77 sek, 200m flugsundi á tímanum 2:14.57 mín. og 100m fjórsundi á tímanum 1:06.65 mín. Á mótinu setti Snævar einnig heimsmet í 50m flugsundi þegar hann synti á tímanum 26.69 sek.

Á Norðurlandamótinu í sundi setti Snævar Evrópumet í tveimur greinum, 100m flugsundi með tímann 59.61 sek og 200m fjórsundi með tímann 2:25.75.

Snævar tók þátt í heimsmeistaramóti VIRTUS sem fór fram í Bangkok í Tælandi en þar náði hann í þrenn silfurverðlaun í 50m, 100m og 200m flugsundi og bætti einnig Íslandsmet í öllum þremur greinunum. Í 50m skriðsundi endaði Snævar í 5. sæti á nýju Íslandsmeti. Virtus eru alþjóðleg samtök sem halda utan um afreksíþróttafólk með þroskahamlanir og einhverfu þar sem keppt er eftir reglum samkvæmt IPC. Snævar keppir innan raða Virtus í flokki II3, sem er flokkur fyrir íþróttafólk með einhverfu.

Þetta er í fyrsta sinn sem Snævar hlýtur nafnbótina Íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra.



Júðókona og júðomaður ársins er Helena Bjarnadóttir og Aðalsteinn Karl Björnsson



Helena Bjarnadóttir

Aldur: 17 ára

Félag: Júðofélag Reykjavíkur

Helena Bjarnadóttir úr Júðofélagi Reykjavíkur, sem keppir í -63 kg flokki, var valin Júðókona ársins 2025 og er það í þriðja skiptið sem hún hlýtur þann heiður. Helena flutti til Serbíu fyrir um tveimur árum og hefur æft þar af krafti og keppt á alþjóðlegum mótum. Helena er að ná glæsilegum árangri á alþjóðlegum mótum. Á Smáþjóðaleikunum náði hún 3. sæti í Seniora flokki. Helena lenti svo í 2. sæti á Evrópubikarmóti Cadeta en það hefur enginn Íslendingur náð þeim árangri og því nýtt met á meðal Íslendinga í árangri á Evrópubikarmóti Cadeta.

Helsti árangur 2025:

Reykjavík Intl. games -70 kg kvenna
Reykjavík Intl. games Opinn flokkur kvenna
GSSE -63kg Kvenna
GSSE Liðakeppni
European Cup Cadet Riga

3. sæti
3. sæti
3. sæti
3. sæti
2. sæti

Aðalsteinn Karl Björnsson

Aldur: 19 ára

Félag: Júðofélag Reykjavíkur

Aðalsteinn Karl Björnsson úr Júðofélagi Reykjavíkur sem keppir í -90 kg flokki var valinn Júðomaður ársins 2025 og er það í fyrsta skipti sem hann hlýtur þann heiður.

Aðalsteinn hefur tekið snörpum framförum og orðinn einn besti keppnismaður okkar í dag. Hann vann Íslands-mót Seniora í opnum flokki, sá yngsti sem hefur náð þeim árangri. Einnig vann hann til gullverðlauna á Smáþjóðaleikunum en þar mætti hann einstaklingum sem eru hátt á heimslista og með glæsta keppnisferla.

Helsti árangur 2025:

Reykjavík Intl. games -90 kg karla
Matsumae Cup -90 kg U21
Vormót JSÍ -90 kg Karla
Íslandsmót +100 kg U21
Íslandsmót -90 kg karla
Íslandsmót Opinn flokkur karla
GSSE -90kg Karla

2. sæti
3. sæti
1. sæti
1. sæti
2. sæti
1. sæti
1. sæti



Karatekona og Karatemaður ársins eru
Eydís Magnea Friðriksdóttir og Þórður Jökull Henrysson



Eydís Magnea Friðriksdóttir

Aldur: 20 ára

Félag: Karatefélag Reykjavíkur

Árangur Eydísar Magneu á árinu:

Gull á Smáþjóðaleikunum í Andorra í kumite kvenna -61kg,

Gull á RIG25 í kumite kvenna +61kg,

Gull á ÍM kumite kvenna +61kg og gull í opnum flokki.

Brons á NM í kumite kvenna -61kg,

Bikarmeistari kvenna 2025.

Eydís Magnea er góð fyrirmynd og verðugur fulltrúi karateíþróttarinnar.



Þórður Jökull Henrysson

Aldur: 23 ára

Félag: Íþróttafélag Reykjavíkur

Árangur Þórðar Jökuls á árinu:

Íslandsmeistari í kata karla fullorðinna – 6. árið í röð.

Reykjavíkurmeistari (RIG) í kata karla – 4. árið í röð, fimmti titill.

Gull í kata karla á Bikarmóti KAÍ.

Brons á Smáþjóðaleikunum í Andorra (kata karla).

Fimmta sæti á Norðurlandameistaramóti.

Silfur á Swedish Open Sjöunda sæti á Copenhagen Open.

Þórður Jökull er góð fyrirmynd og verðugur fulltrúi fyrir karateíþróttina.



Kvenkeilari og Karlkeilari ársins eru
Linda Hrönn Magnúsdóttir og Arnar Davíð Jónsson



Linda Hrönn Magnúsdóttir


Aldur: 66 ára

Félag: Íþróttafélag Reykjavíkur

Linda Hrönn átti einstaklega gott keilu ár 2025.

Hún varð í 3. sæti á Íslandsmóti eintaklinga og í öðru sæti yfir konur sem þátt tóku Reykjavíkurleikunum, en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni.

Hún varð Íslands- og Bikarmeistari með liði sínu ÍR-TT. Hún varð í öðru sæti á Íslandsmóti para og undir lok árs þá var hún í liði Íslands sem tók brons á HM 65+ sem haldið var í Reno, USA.



Arnar Davíð Jónsson

Aldur: 31 árs

Félag: Keilufélagi Akraness

Arnar Davíð hefur átt mjög gott ár á alþjóða vettvangi. Hann varð í 7. sæti á Evróputúr Keilara.

Hann sigraði á úrtökumóti PBA Sweden Scorpion Open sem tryggði honum þátttökurétt á World Series of Bowling 2026.

Arnar hefur verið virkur þátttakandi á PBA s.l. tvö ár og hefur sýnt að hann á heima meðal þeirra bestu í greininni.

Nafn hans í keiluheiminum er orðið það þekkt að undir lok árs var honum boðið á stórt mót í Kóreu.



Kvenklifrari og Karlklifrari ársins eru **Svana Bjarnason og Guðmundur Freyr Arnarsson**



Svana Bjarnason

Aldur: 35 ára

Félag: Klifurfélag Reykjavíkur

Svana er kvenklifrari ársins þriðja árið í röð.

Árið 2025 einblíndi Svana á keppni í línuklifri með góðum árangri. Svana tók þátt á bæði Evrópu- og Heimsbikarmótum á árinu og náði bestum árangri á Evrópubikarmótinu í Campitello di Fassa á Ítalíu.

Þar endaði hún í 30. sæti sem er besti árangur Íslendinga á þeirri mótarið.

Hún komst í 109. sæti á heimslistanum í línuklifri (sótt 9. des. 2025) og var efst Íslendinga á heimslistum.



Guðmundur Freyr Arnarsson

Aldur: 27 ára

Félag: Klifurfélag Reykjavíkur

Guðmundur Freyr átti gott keppnisár og komst í fyrsta skipti inná heimlista og var í 154. sæti í línuklifri (sótt 9. desember 2025).

Guðmundur keppti á sínu öðru Heimsmeistaramóti sem fram fór í Seoul í Suður Kóreu í bæði grjótgímu og línuklifri. Þar hafnaði hann í 70. Sæti í línuklifri og 83. sæti í grjótgímu.

Hann keppti á Evrópubikarmótum í bæði línuklifri og grjótgímu með góðum árangri á árinu.





Knattspyrnukona og Knattspyrnumaður ársins eru Glódís Perla Viggósdóttir og Hákon Arnar Haraldsson



Glódís Perla Viggósdóttir

Aldur: 30 ára

Félag: Bayern Munich, Þýskalandi

Glódís Perla Viggósdóttir er Knattspyrnukona ársins í fjórða sinn og fjórða árið í röð.

Líkt og áður hefur Glódís Perla verið einn af lykillikmönnum Bayern München og íslenska landsliðsins og er fyrirliði beggja liða.

Hún varð þýskur meistari með Bayern í vor sem leið og tapaði liðið aðeins einum leik í deildinni á tímabilinu. Glódís lék 18 leiki í deildinni og skoraði í þeim tvö mörk.

Glódís varð einnig þýskur bikarmeistari er Bayern München vann 4-2 sigur á Werder Bremen í úrslitaleik keppinnar.

Glódís lék fjóra leiki í bikarkeppninni og skoraði í þeim eitt mark. Glódís lék sex leiki í Meistaradeild UEFA, en þar datt Bayern út í 8-liða úrslitum keppinnar eftir tap gegn Lyon.

Glódís lék 10 A-landsleiki á árinu og þar af alla leiki liðsins á EM 2025. Á núverandi tímabili hefur hún leikið ný leiki í deild, einn í þýska bikarnum og fimm í Meistaradeild UEFA.



Hákon Arnar Haraldsson

Aldur: 22 ára

Félag: LOSC Lille, Frakklandi

Hákon Arnar Haraldsson er Knattspyrnumaður ársins í þriðja sinn.

Hákon Arnar hefur verið lykilmaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár og er varafyrirliði liðsins. Hann lék ný leiki með liðinu á árinu. Hann hefur alls leikið 28 A-landsleiki og skorað í þeim þrjú mörk.

Hákon Arnar lék 25 leiki á liðnu tímabili með LOSC Lille í frönsku úrvalsdeildinni og skoraði í þeim fimm mörk. Auk þess skoraði hann tvö mörk í sex leikjum í Meistaradeild UEFA.

Hákon hefur leikið frábærlega á nýju tímabili, leikið 15 leiki í deildinni og skoraði í þeim fimm mörk. Í Evrópu-deildinni hefur hann leikið sex leiki og skorað eitt mark.



Kraftlyftingakona og Kraftlyftingamaður ársins eru Kristín Þórhallsdóttir og Guðfinnur Snær Magnússon



Kristín Þórhallsdóttir

Aldur: 41 árs

Félag: Kraftlyftingafélag Akraness

Kristín Þórhallsdóttir er Kraftlyftingakona ársins 2025. Þetta er í þriðja skiptið sem Kristín hlýtur þennan titil.

Kristín keppir í klassískum kraftlyftingum í -84 kg opnum flokki.

Á árinu náði Kristín 4. sæti í samarlögðum árangri á Evrópumeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum eftir hörkubaráttu um bronsið. Á mótinu tók hún 3. sætið í hnébeygju.

Kristín varð Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum á árinu og var þar hæst á stigum yfir bæði kvenna- og karlaflokk.



Guðfinnur Snær Magnússon

Aldur: 28 ára

Félag: Umf. Breiðablik

Guðfinnur Snær Magnússon er Kraftlyftingamaður ársins 2025.

Þetta er í annað sinn sem Guðfinnur hreppir þennan titil.

Guðfinnur keppir í kraftlyftingum með búnaði í +120 kg opnum flokki.

Á árinu tók Guðfinnur þátt í bæði Evrópumeistaramótinu og Heimsmeistaramótinu. Á Evrópumeistaramótinu tók Guðfinnur silfrið í samarlögðu auk þess að fá silfur í hnébeygju og brons í bekkpressu. Á Heimsmeistaramótinu varð Guðfinnur í 7. sæti og tók þar nýtt glæsilegt Íslandsmet í hnébeygju.



Körfuknattleikskona og Körfuknattleiksmaður ársins eru Sara Rún Hinriksdóttir og Tryggvi Hlinason



Sara Rún Hinriksdóttir

Aldur: 29 ára

Félag: Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag

Sara Rún var lykkleikmaður í liði Keflavíkur á síðasta ári sem endaði í 4. sæti Bónusdeildarinnar, en liðið féll svo út í undanúrslitum gegn Njarðvík í úrslitakeppninni í vor.

Sara Rún var besti leikmaður liðsins og skoraði 18.3 stig að meðaltali í leik.

Sara hefur stórbætt leik sinni á núverandi tímabili og er langstigahæsti íslenski leikmaður deildarinnar með 23.2 stig í leik það sem af er tímabili.



Tryggvi Hlinason

Aldur: 28 ára

Félag: Surne Bilbao Basket

Tryggvi Snær átti stórkostlegt ár með félagsliði sínu Bilbao Basket og íslenska landsliðinu.

Bilbao sigraði FIBA Europe Cup með glæsilegum sigri á PAOK frá Grikklandi í úrslitaeinvígi. Tryggvi átti sinn besta leik í undanúrslitum keppinnar, þegar hann var framlagshæstur sinna manna í sigri á Tofas frá Tyrklandi.

Tryggvi var frábær fyrir íslenska landsliðið á Eurobasket í Póllandi. Hann leiddi íslenska liðið í stigaskorun og fráköstum, og var sjötti framlagshæsti leikmaður mótsins, ásamt því að endaða í öðru sæti í 2 stiga skotnýtingu – á milli þeirra Giannis Antetokounpo og Nikola Jokic.



Lyftingakona og Lyftingamaður ársins eru Eygló Fanndal Sturludóttir og Bergur Sverrisson



Eygló Fanndal Sturludóttir

Aldur: 24 ára

Félag: Lyftingafélag Reykjavíkur

Eygló Fanndal Sturludóttir er Lyftingakona ársins. Þetta er fjórða árið í röð sem hún hlýtur nafnbótina.

Bestum árangri á árinu náði Eygló á Evrópumeistaramótinu sem fór fram í Kisíná í Moldóvu þar sem hún varð Evrópumeistari eftir að hafa lyft 109 kg í snörun, 135 kg í jafnhendingu og 244 kg í samanlögðum árangri, sem allt voru ný Norðurlandamet í -71 kg flokki kvenna.

Í stigakeppni þvert á þyngdarflokka varð hún önnur af 167 keppendum frá 37 löndum.

Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk kona eða karl vinnur til verðlauna á stórmóti í ólympískum lyftingum í opnum flokki.

Á tímabilinu sem valið er eftir, keppti Eygló einnig á Heimsmeistaramótinu 2024 sem fór fram í desember og endaði þar í 4. sæti. Á HM '24 lyfti hún 107 kg í snörun, 132 kg í jafnhendingu og 239 kg samanlagt.

Eygló bætti sig um 7 kg á tímabilinu og náði hæstu Sinclair stigum sem íslensk kona hefur náð, 299.23 stigum. Hún setti 13 Íslandsmet og 4 Norðurlandamet á tímabilinu.

Hún varð Íslandsmeistari í -71 kg flokki og var í liði Íslands sem sigraði á Smáþjóðamótinu í ólympískum lyftingum.



Bergur Sverrisson

Aldur: 31 árs

Félag: Knattspyrnufélag Akureyrar

Bergur Sverrisson er Lyftingakarl ársins. Þetta er í fyrsta sinn sem hann hlýtur nafnbótina.

Bestum árangri á árinu náði Bergur á Evrópumeistaramótinu sem fór fram í Kisíná í Moldóvu þar sem hann endaði í 13. sæti í -89 kg flokki. Bergur lyfti 140 kg í snörun og 162 kg í jafnhendingu, alls 302 kg sem gáfu honum 365 Sinclair stig.

Bergur varð í 19. sæti í -88 kg flokki á Heimsmeistaramótinu sem fór fram í Förde í Noregi. Hann lyfti þar 135 kg í snörun og 158 kg í jafnhendingu.

Hann var einnig í liði Íslands sem sigraði á Smáþjóðamótinu í lyftingum og setti einnig þrjú Íslandsmet á árinu.



Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttafólk ársins eru **Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir og Eric Máni Guðmundsson**



Guðbjörg Ósk Sveinsdóttir

Aldur: 29 ára

Félag: Vélsleðafélag Ólafsfjarðar

Guðbjörg Ósk er Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttakona ársins.

Hún er Íslandsmeistari kvenna og Nýliði ársins í snocrossi.

Guðbjörg Ósk er dugleg að kynna snocross íþróttina með jákvæðum og uppbyggilegum hætti.



Eric Máni Guðmundsson

Aldur: 18 ára

Félag: Umf. Selfoss

Eric Máni er Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttamaður ársins.

Hann á fimm Íslandsmeistararitla í motocross og náð mjög góðum árangri í Enduro.

Eric var landsliðsmaður í motocross 2025 og tók þátt Motocross of Nation Bandaríkjunum. 2025 Íslandsmeistari í MX2 Motocross. Enduro 14-19 ára annað sæti.



Siglingakona og Siglingamaður ársins eru Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir og Hrafnkell Stefán Hannesson



Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir

Aldur: 21 árs

Félag: Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Hólmfríður Gunnarsdóttir er okkar fremsta kenusiglingakona en hún hefur stundað siglingar í Siglingafélagi Reykjavíkur - Brokey, síðan hún man eftir sér.

Hún byrjaði að keppa á Optimist kænnum þegar hún var níu ára með góðum árangri en keppir nú á ILCA 6.

Þrátt fyrir að háskólanám hafi dregið úr tækifærum til keppni í ár þá lagði hún áherslu á æfingar bæði hér heima og í Frakklandi.

Hún vann allar ILCA 6 keppnir sem hún tók þátt í hér heima.

Fram undan er aukin áhersla á æfingar erlendis og Heimsmeistaramót á Írlandi í byrjun september.



Hrafnkell Stefán Hannesson

Aldur: 19 ára

Félag: Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey

Hrafnkell Stefán er 19 ára gamall og hefur stundað siglingar hjá Siglingafélagi Reykjavíkur - Brokey um árabil.

Hann á að baki Íslandsmeistaratitil á Optimist áður en hann hóf að keppa á ILCA 6 og nú ILCA 7.

Hrafnkell hefur verið meðal okkar fremstu siglingamanna um árabil og vann Íslandsmeistaratitilinn á ILCA 7 á sínu fyrsta ári á þeim bát.

Hrafnkell hóf nám í Háskóla Íslands í haust auk þess að leggja meiri metnað í keppnissiglingarnar. Framundan er erfitt ár þar sem áhersla verður á æfingabúðir erlendis og Heimsmeistaramót á Írlandi í lok ágúst.





Skautakona og Skautapar ársins eru

Sædís Heba Gunnarsdóttir og Júlía Sylvía Gunnarsdóttir/Manuel Piazza



Sædís Heba Gunnarsdóttir

Aldur: 16 ára

Félag: Skautafélag Akureyrar

Sædís Heba er 16 ára og æfir með Skautafélagi Akureyrar. Þetta er í fyrsta sinn sem hún hlýtur tilnefningu til Skautakonu ársins.

Sædís hóf árið á keppni á European Youth Olympic Festival (EYOF) þar sem hún endaði í 23. sæti með 102.91 stig. Síðar á tímabilinu keppti hún á Sonja Heine Trophy og endaði með 109.38 heildarstig og 13. sætið.

Sædís lauk síðan keppnistímabilinu 2024-2025 með trompi á Vormóti ÍSS. Þar hlut hún 44,55 stig í stuttu programmi, 74,37 stig fyrir frjálst prógram og 118,92 heildarstig. Þetta var nýtt persónulegt stigamet fyrir Sædís.

Sædís var fulltrúi Íslands á báðum Junior Grand Prix mótaröðum á tímabilinu 2025-2026.

Fyrsta fór fram í Riga þar sem hún hlaut 99.32 stig og hið síðara í Gdansk þar sem hún hlaut 104,69 stig. Bætti Sædís árangur sinn á milli móta og sýndi stöðuga framfarir í sterkri alþjóðlegri keppni.

Sædís keppti næst á Northern Lights Trophy í Egilshöll og endaði, naumlega, í fjórða sæti með 103,53 heildarstig. Með þessum árangri vann hún sér inn 73 stig sem skila henni inn á heimslista fyrir Junior Women í 176. sætið (ISU World Standings - 2025/26 Jr Women). Hún er eini íslenski kvenkyns skautarinn á listanum í dag.



Júlía Sylvía Gunnarsdóttir og Manuel Piazza

Aldur: 20 og 26 ára

Félag: Umf. Fjölnir/IceLab Bergamo

Júlía Sylvía (20) og Manuel (26) eru á sínu öðru tímabili saman í paraskautun, búsett í Bergamo á Ítalíu og æfa í Afreksmiðstöð Alþjóðaskautasambandsins. Þau æfa einnig á Íslandi undir stjórn Benjamin Naggjar, yfirþjálfara Fjölnis. Þarið hóf árið á keppni á EM ISU í Tallinn 28. janúar til 2. febrúar 2025. Þar hlutu þau einkunina 48,58 fyrir stutta prógrammið og höfnuðu í 18.sæti, aðeins tveimur sætum frá úrslitum. Þarið lauk síðan tímabilinu 2024-2025 með þátttöku á Road to 26, undirbúningsmóti fyrir ÓL 2026. Þar hlutu þau 50.54 stig fyrir stutta prógrammið og 138.30 stig samanlagt og höfnuðu í 7. sæti. Tímabilið 2025-2026 hófst á Lombardia Trophy. Þar settu þau persónulegt stigamet bæði í stuttu og frjálsu prógrammi og samanlagðri einkunn. Sú frammistaða færði þeim keppnisrétt á EM. Þá kepptu þau í Beijing á úrtökumóti fyrir ÓL og kepptu um síðustu þrjú sætin á leikunum. Hafnaði þarið í 8. sæti af 11 pörum, með heildarstig upp á 152.03.

Þau sigruðu Diamond Spin í Póllandi með 140.40 stig í heildina, 13 stigum hærri en þarið sem hafnaði í öðru sæti. Það eru fyrstu gullverðlaun parsins og fyrstu gullverðlaun Íslands í paraskautun á alþjóðlegu móti. Þau kepptu einnig á Swiss Open og náðu þar 5. sæti með 144.33 stig samanlagt og á Cup of Innsbruck þar sem þau hrepptu bronsið með 154.16 stig. Þau eru nú í 60. sæti á heimslista ISU yfir pör.



Skíðakona og Skíðamaður ársins eru Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir og Jón Erik Sigurðsson



Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir

Aldur: 27 ára

Félag: Glímufélagið Ármann

Hólmfríður Dóra hefur á árinu 2025 staðið sig með eindæmum vel, bæði á alþjóðavettvangi og innanlands, nú síðast með því að vinna Suður-Ameríkubikarinn samanlagt í bruni og risasvigi í september síðastliðnum.

Í þeirri mótarið var hún meðal þeirra efstu í öllum mótum, vann þrjú silfur og eitt brons, og bætti FIS stig sín í risasvigi umtalsvert. Þessi bæting styrkir stöðu hennar á heimlista og er hún núna undir 100 á heimslista í risasvigi.

- Á HM í Saalbach endaði hún í 29. sæti í bruni og keppti einnig í svigi, stórsvigi og risasvigi.
- Hólmfríður varð Íslandsmeistari í stórsvigi.
- Hún tók þátt í tveimur heimsbikarmótum á árinu, bruni og risasvigi.
- Hún er lang stigahæst á Ólympíulistanum og er því líklegust til að keppa á Ólympíuleikunum í Cortina 2026.



Jón Erik Sigurðsson

Aldur: 20 ára

Félag: Knattspyrnufélagið Fram

Jón Erik hefur átt afbragðs tímabil. Árið hófst á 11 móta hrinu á Ítalíu þar sem að hann náði verðlaunasæti á öllum mótum og sigraði á tveimur. Hann keppti á HM í Saalbach, Austurríki og tókst að vinna sig inn í úrslitakeppnina í bæði svigi og stórsvigi. Jón Erik hafnaði í 39. sæti í stórsvigi og 22. sæti í svigi á HM unglunga sem er besti árangur Íslendinga í svigi á HM unglunga. Hann vann Íslandsmeistaratitilinn í stórsvigi á Skíðamóti Íslands.

Hann hóf nýjan vetur af krafti og hafnaði í 2. og 1. sæti á sterkum alþjóðlegum mótum í Finnlandi, þar sem hann skoraði sín bestu FIS-stig til þessa og er nú kominn undir 200 á heimslista í svigi. Frá síðasta vali (des. 2024) fór Jón Erik úr 988. sæti á heimslista í 199. sæti í svigi og 1.215. sæti í 390. sæti í stórsvigi. Samantekt á árangri:

- 15 sinnum í topp 3 á alþjóðlegum mótum
- 3 sigrar á alþjóðlegum mótum
- Íslandsmeistari í stórsvigi
- 22 sæti í svigi á HM unglunga
- 39 sæti í stórsvigi á Heimsmeistaramót unglunga
- 19 sæti í stórsvigi í undankeppni HM
- 24 sæti í svigi í undankeppni HM



Skotípróttakona og Skotípróttamaður ársins eru Jórunn Harðardóttir og Jón Þór Sigurðsson



Jórunn Harðardóttir

Aldur: 57 ára

Félag: Skotífélag Reykjavíkur

Jórunn varð Íslandsmeistari í sjö greinum á árinu.

Þær eru loftskammbýssa, loftríffill, 50m liggjandi riffill, 50m þrístöðurríffill, stöðluð skammbýssa, sportskammbýssa og frjáls skammbýssa.



Jón Þór Sigurðsson

Aldur: 43 ára

Félag: Skotípróttafélag Kópavogs

Jón Þór varð Evrópumeistari í riffilskotfimi á Evrópu-meistaramótinu í Frakklandi í lok júlí.

Hann vann til bronsverðlauna á Heimsmeistaramótinu í Egyptalandi í nóvember í riffilskotfimi.

Hann sigraði í keppni með loftskammbýssu á Smáþjóðaleikunum í Andorra í lok maí.

Auk þess sigraði hann á Evrópubikarmótinu í Sviss í riffilskotfimi.

Þetta er einstakur árangur Íslendinga á alþjóðavettvangi í íþróttum.

Jón Þór hefur sigrað í flestum kúlugreinum skotfimi á Íslandi á árinu bæði með riffli og að auki með ýmsum gerðum skammbýssu.



Skylmingakona og Skylmingamaður ársins eru **Anna Edda Gunnarsdóttir Smith og Andri Nikolaysson Mateev**



Anna Edda Gunnarsdóttir Smith

Aldur: 21 árs

Félag: Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH)

Þetta er í fimmta skiptið sem Anna Edda Gunnarsdóttir Smith hlýtur titilinn Skylmingakona ársins.

Hún varð Íslands-og bikarmeistari í kvennaflokki í ár. Anna Edda hafnaði í þriðja sæti á Opna Norður-landameistaramótinu (Nordic Fencing Festival) í flokki U23 (23 ára og yngri) og í 9. sæti í kvennaflokki.

Hún er án efa ein efnilegasta skylmingakona Íslands og hefur mikla möguleika í að ná langt í framtíðinni.



Andri Nikolaysson Mateev

Aldur: 25 ára

Félag: Skylmingafélag Reykjavíkur

Andri Nikolaysson Mateev er Skylmingamaður ársins í tíunda sinn.

Hann sigraði alla andstæðinga sína á Opna Norður-landameistaramótinu (Nordic Fencing Festival) með miklum yfirburðum. Mótið var einstaklega fjölmennt en yfir 1.000 keppendur frá 27 þjóðum tóku þátt og er þetta eitt stærsta mót sinnar tegundar frá upphafi.

Andri hafnaði í 3. sæti á Viking Cup Heimsbikarmótinu, einu því sterkasta sem haldið hefur verið á Íslandi.

Á Heimsbikarmóti í Budapest 2025, náði hann 36. sæti af 300 keppendum, sem er besti árangur íslensks skylmingamanns á Grand Prix móti.

Andri Nikolaysson hefur verið lykilmaður í karla-landsliðinu síðustu 10 árin, sem hafnaði í 12. sæti á Evrópuleikunum 2023 og í 11. sæti á Evrópumeistaramótinu 2024 í Basel.



Sundkona og Sundmaður ársins eru **Snæfríður Sól Jórunnardóttir og Snorri Dagur Einarsson**



Snæfríður Sól Jórunnardóttir

Aldur: 25 ára

Félag: Álaborg, Danmörku

Snæfríður Sól er 25 ára gömul og syndir fyrir Álaborg í Danmörku. Hún náði bestum árangri íslenskra kvenna í sundi árið 2025.

Hún tryggði sér sjötta sæti í 200m skriðsundi á EM í Lublin í Póllandi fyrr í desember. Þar setti hún einnig tvö Íslandsmet, þar af eitt sem hafði staðið í 16 ár í 50m skriðsundi. Einnig bætti hún Íslandsmetið sitt í 200m skriðsundi um tæplega hálfa sekúndu, en sá tími er tuttugasti og þriðji besti tíminn í Evrópu frá upphafi. Hún tók einnig þátt í HM í Singapore í ágúst sl. og varð þar í 23. sæti í 200m skriðsundi og í 29. sæti í 100m skriðsundi.

Snæfríður Sól hefur keppt fyrir Íslands hönd á tvennum Ólympíuleikum, árið 2021 í Tokyo og árið 2024 í París. Hún stefnir ótrauð á sína þriðju Ólympíuleika í Los Angeles árið 2028. Hún var ein þeirra sem fékk starfslaun úr launasjóði íþróttamanna sem án efa á eftir að hjálpa henni að ná enn betri árangri á næstu árum.

Snæfríður Sól er mikil fyrirmynd fyrir annað íþróttafólk, en samhliða æfingum stundar hún nám í sálfræði við Álaborgar Háskóla í Danmörku. Þess má geta að hún var 160 daga við æfingar og keppni erlendis á þessu ári.

Þetta er í sjötta skiptið í röð sem Snæfríður Sól er útnefnd sundkona ársins.



Snorri Dagur Einarsson

Aldur: 20 ára

Félag: Sundfélag Hafnarfjarðar (SH)

Snorri Dagur Einarsson er tvítugur Hafnfirðingur sem syndir með Sundfélagi Hafnarfjarðar.

Þetta er í fyrsta skipti sem Snorri Dagur er útnefndur sundmaður ársins.

Snorri Dagur hefur staðið sig mjög vel á þessu ári og hefur bætt tíma sína töluvert. Hann vann besta afrek karla á Íslandsmeistaramótinu í apríl í 50m laug og aftur á Íslandsmeistaramótinu í nóvember í 25m laug.

Snorri Dagur tók þátt í EM U23 í Slóvakíu í sumar og komst í úrslit í 50m bringusundi og endaði í 4. sæti.

Snorri Dagur keppti einnig á Evrópumeistaramótinu í Póllandi í desember, en þar synti hann 100m bringusund á sínum allra besta tíma og varð í 32. sæti.

Snorri Dagur stefnir ótrauður á næstu Ólympíuleika árið 2028 í Los Angeles.



Taekwondokona og Taekwondamaður ársins eru Ingibjörg Erla Grétarsdóttir og Guðmundur Flóki Sigurðsson



Ingibjörg Erla Grétarsdóttir

Aldur: 30 ára

Félag: Fimleikafélagið Björk

Ingibjörg Erla hefur verið í algjörum sérflokki taekwondo kvenna okkar Íslendinga undanfarin 10 ár og er sá kvenkeppandi sem hefur landað stærstu alþjóðlegu verðlaununum.

Ingibjörg Erla er margfaldur Norðurlandameistari og Íslandsmeistari og hefur verið að keppa á sterkustu alþjóðlegu mótunum sem gilda til stiga á heimslistanum.

Á þessu ári vann hún til silfurs á Riga Open og Evrópumóti smáþjóða. Einnig varð hún í 5. sæti á Swedish Open G-1 2025.

Hún er fastamaður í landsliði Íslands í bardaga og frábær fyrirmynd fyrir upprennandi taekwondokonur og mikilvægur hlekkur í landsliðsstarfi TKÍ.



Guðmundur Flóki Sigurðsson

Aldur: 17 ára

Félag: Knattspyrnufélag Reykjavíkur

Árið 2025 var svo sannarlega árið hans Guðmundar Flóka. Hann hefur undanfarin ár verið okkar öflugasti keppandi unglunga. Árið 2025 er hans seinasta ár sem Junior og var hann einnig gjaldgengur í fullorðinsflokki þar sem hann hefur keppt mest allt árið með mögnuðum árangri.

Hann náði í fyrstu alþjóðlegu verðlaun sín í fullorðinsflokki á Luxemborg Open þegar hann varð í 3. sæti og bætti svo öðru bronsi við í Frakklandi skömmu síðar. Hann gerði sér svo lítið fyrir í haust og vann gull á þremur G mótum fullorðinna í röð sem er magnaður árangur hvort sem tekið er tillit til aldurs eða ekki. Hann vann gull á Polish open sem var firna sterkt þar sem hann meðal annars sigraði keppanda í 12. sæti á heimslistanum. Einnig tryggði hann sér Evrópumeistaratitil smáþjóða og vann svo Riga Open strax í kjölfarið.

Þessi glæsilegi árangur skilar honum í 22. sæti á heimslistanum í -80 flokki sem er frábær árangur og góð fyrirheit um það sem koma skal. Hann er frábær fyrirmynd og margfaldur Íslands- og Norðurlandameistari sem og Evrópumeistari smáþjóða.





Tennissamband Íslands



Tenniskona og Tennismaður ársins eru **Anna Soffía Grönholm og Rafn Kumar Bonifacius**



Anna Soffía Grönholm

Aldur: 26 ára

Félag: Tennisfélagi Kópavogs

Anna Soffía Grönholm úr Tennisfélagi Kópavogs náði þeim einstaka árangri að verða Íslandsmeistari utanhúss í öllum flokkum, einliða, tvíliða og tvenndarleik.

Anna Soffía var fulltrúi Íslands á Smáþjóðaleikum 2025 í Andorra og einnig á Billie Jean King Cup. Á síðarnefnda móttinu vann Anna þrjá einliðaleiki og einn tvíliðaleik.

Síðsumars varð Anna Íslandsmeistari í liðakeppni fyrir hönd TFK.



Rafn Kumar Bonifacius

Aldur: 31 árs

Félag: Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur

Rafn Kumar Bonifacius kemur úr tennisdeild Hafna- og Mjúkboltafélags Reykjavíkur.

Rafn Kumar fór fyrir Íslands hönd á Smáþjóðaleikana í Andorra þar sem hann vann til bronsverðlauna í tvenndarleik með Emilíu Eyvu Thygesen.

Hann keppti einnig á heimsmeistaramóti karla landsliða ("Davis Cup") í Tirana, Albaníu, í júní og vann þar þrjá leiki.

Hann var taplaus á mótarið Tennissambandsins í ár – var sigurvegari í einliðaleik á Vormóti TSÍ, Íslandsmóti TSÍ Innanhúss, Íslandsmóti TSÍ Utanhúss og Stórmóti TFK.





Þríbrautarmaður og Þríbrautarkona ársins eru Brynja Dögg Sigurpálsdóttir og Sigurður Örn Ragnarsson



Brynja Dögg Sigurpálsdóttir

Aldur: 32 ára

Félag: Sundfélagið Ægir

Brynja Dögg Sigurpálsdóttir var valin þríbrautarkona ársins á uppskeruhátíð Þríbrautarsambands Íslands. Þetta er í fyrsta sinn sem Brynja verður fyrir valinu.

Brynja varð bikarmeistari Þríbrautarsambandsins og stóð á verðlaunapalli í öllum sex mótum tímabilsins.

Að auki varð Brynja Íslandsmeistari í ólympískri þríbraut sem fram fór á Laugarvatni.



Sigurður Örn Ragnarsson

Aldur: 34 ára

Félag: Umf. Breiðablik

Sigurður Örn Ragnarsson var valinn þríbrautarmaður ársins á uppskeruhátíð Þríbrautarsambands Íslands í nóvember sl.

Þetta er í níunda árið í röð sem Sigurður hlýtur viðurkenninguna.

Hann varð bikarmeistari í bikarmótaröð Þríbrautarsambandsins og sigraði öll þau mót sem hann tók þátt í, alls fimm talsins.

Sigurður varð jafnframt Íslandsmeistari í ólympískri þríbraut, sem fram fór á Laugarvatni og átti afar glæsilegt keppnistímabil.

Hann náði einnig góðum tíma í 10 km götuhlaupi á árinu þegar að hann varð annar í Hleðsluhlaupinu á tímanum 32:41.